

## Fundargerð

### 39. stjórnarfundur FHA haldinn 12. september, 2012 kl. 12:00

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Guðmundur Engilbertsson (GE), Guðmundur Óskarsson (GÓ), Hjördís Sigursteinsdóttir (HS), Ólína Freysteinsdóttir (ÓF), Þóra Rósa Geirsdóttir (ÞR) og Vera Kristín Kristjánsdóttir (VK).

Dagskrá:

1. Síðasta fundargerð

Fundargerð var samþykkt með fyrirvara um orðalagsbreytingar og lagfæringar á stafsetningarvillum.

2. Kjaramál

Lítið hefur breyst frá síðasta fundi. Enn hefur ekki orðið af ferð til Reykjavíkur þar sem erfiðlega gengur að ná sameiginlegum fundartíma. Rætt var við Helgu og Jörund hjá HÍ og nokkuð ljóst að ákvæði um námsleyfi hafði aldrei verið hugsað fyrir akademika í þeirra huga. En hins vegar erum við hér í HA í annarri stöðu en þau í HÍ þar sem enginn fær stöðu án þess að hafa hærrí menntun, og þar með er þetta ákvæði þeirra leið til endurmenntunnar. HÍ hefur ekki heldur fengið greitt 0,7% aukalega ofan á þennan sjóð frekar en við.

Þau hvöttu okkur til að strika yfir setninguna um 3 mánuði (þeirri sem bætt var við í um reglur um námsleyfi) þar sem hún er ekki í samræmi við kjarasamninginn. Kjarasamningur kveður á um 6 mánuði og skuli það standa. Sé ekki unnt að veita starfsmanni leyfi í sex mánuði verður að semja sérstaklega við hvern og einn.

Nauðsynlegt er að minna starfsmenn á að námsleyfin hafi tekið gildi frá og með 1. Júlí síðastliðnum, verður því sett inná heimasíðu félagsins til áminningar.

Ársmatssjóður á að koma til útborgunar 1. Október en ekkert hefur heyrst um hvernig þau mál standa og staðan er eins í HÍ. Hér fá starfsmenn sjálfkrafa greitt úr þessum sjóð en sækja þarf sérstaklega um greiðslur úr honum við HÍ. Hér er aðeins eitt þrep og fá allir starfsmenn það saman, en hins vegar eru þrepin tvö við HÍ.

Vinnumatssjóður var stækkaður og því viljum við að þessi sjóður verði einnig stækkaður til samræmis. Spurning um hvernig útfærslan eigi að vera um greiðslur á þessum sjóð. Uppi eru hugmyndir um að færa alla starfsmenn upp um þrep í launatöflu, sem ársmatssjóður nemur, og leggja síðan sjóðinn niður. Spurning einnig um að skoða svipaða útfærslu og hjá HÍ.

Enn er ekkert að fréttu af fundum og greiðslum fyrir fundarsetur. Deildir skólans eiga að láta í sér heyra. Sumar nefndir hafa ákveðið að funda ekki fyrr en málið er leyst. Hvetjum okkar félagsmenn til að mæta ekki á fundi fyrr en málið og er leyst og standa við bakið á þeim sem kjósa ekki að mæta á fundi.

Hí þarf að ganga frá sínum málum áður en félögin sameinast. Ráðuneytið lofar smá fjármunum þegar félögin hafa sameinast en ekkert er fast í hendi.

### 3. Önnur mál

Ein umsókn í námssjóð barst – verður samþykkt ef hún uppfyllir skilyrði. GKÓ gengur frá málinu.

Afmæli félagsins. Fyrsti aðalfundur var 23. Október 1992. Rætt hefur verið við Þórkötlu Aðalsteinsdóttur hjá Lífi og Sál um námskeið/fyrirlestur um líðan á vinnustað. Hún kys að hafa hópana litla svo það sé gagnvirkt og starfsmenn fái sem mest út úr því. Þetta mun kosta um 250 þúsund svo það er spurning um að fá skólann til að vera með td. með því að veita styrk. Sú dagsetning sem verið er að skoða fyrir námskeiðið er 9. Nóvember.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 13:00  
Vera Kristín Kristjánsdóttir, fundarritari.